

RILLE BARNAPEYSA ÚR TYNN MERINOULL



Rille barnapeysa úr Tynn merinoull

TYNN MERINOULL fæst í *Rokku* í Fjarðar kaup og verslun *Tinnu* Nýbýlavegi 30.

Stærðir: (2) 4 (6) 8 (10) 12 ára

Mælingar

Yfirvidd: (64) 68 (73) 76 (81) 87 sm.

Heildarlengd: (36) 40 (44) 48 (52) 54 sm.

Ermalengd: (23) 26 (29) 32 (35) 40 sm., eða eins og passar.

Prjónaaðferð

Peysan er prjónuð frá háls máli og niður með ÞSU til að fá dýpra háls máli á framstök.

Berustykkið er prjónað með garðaprjónsmunstri og það er gerð útaukning í hring á berustykkinu.

Garn

TYNN MERINOULL (100 % forpvegin merinoull, 50 gr. = u.þ.b. 175 m.)

Hnetubrúnt 3161: (150) 200 (200) 250 (300) 350 gr.

Aðrir garnmöguleikar

Sisu, Babyull lanett, Mini alpakka, Alpakka silke, Mandarin petit, Tynn line.

Prjónar / fylgihlutfir

Hringprjónar og sokkaprjónar nr. 2,5 og 3

Merkihringir

Prjónanætur

Prjónfesta: 27 L. sléttprjón á prj. nr. 3 = 10 sm.

ÞSU. = þýskar styttað umferðir

Eftir hvern snúning er fyrsta L. tekin óprjónuð fram af eins og ætti að prjóna hana brugðið, hafið bandið fyrir fram stök., leggið bandið yfir hægri prjóninn og herðið vel að, nú eru 2 L. á prjóninum. Þessar 2 L.



eru taldar sem 1 L. og eru prjónaðar saman þegar prjónað er yfir allar L.

Aukið í 1 L.:

Takið upp þverbandið á milli tveggja L. og prjónið það snúið slétt.

Byrjið á háls málinu

Fitjið upp (102) 108 (114) 114 (120) 120 L. á hringprjón nr. 2,5. Látið merkihr. um fyrstu L. í umf. = miðja á bakstök. Prjónið í hring 3 sm. brugðningu 1 sl., 1 br. Skiptið yfir á hringprjón nr.3.

Prjónið styttað umf. ÞSU (sjá útskýringu hér að framan) til að fá dýpra háls máli á framstök., prjónið þannig:

Prjónið (26) 29 (31) 31 (34) 34 L. slétt, snúið og prjónið (52) 58 (62) 62 (68) 68 L. brugðið til baka.





Snúið og prjónið 4 L. framyfir fyrri snúning á hinni hliðinni, endurtakið snúninga alls 6 hvoru megin.

Prjónið 6 umf. slétt yfir allar L., í **síðustu umf.** er aukið í (34) 36 (38) 38 (40) 40 L. jafnað um umf., gerið þannig:

Prjónið *3 sl., aukið í 1 L.*, endurtakið frá *til* allan hringinn = (136) 144 (152) 152 (160) 160 L. á prjóninum. Prjónið 4 umf. brugðið.

Prjónið 6 umf. slétt, í **síðustu umf.** er aukið í (34) 36 (38) 38 (40) 40 L. jafnað um umf. þannig:

Prjónið *4 sl., aukið í 1 L.*, endurtakið frá *til* allan hringinn = (170) 180 (190) 190 (200) 200 L. á prjóninum.

Prjónið til skiptis 4 umf. brugðið og 6 umf. slétt, **jafn-framt** er aukið í, í síðustu umf. á sléttu umf., hafið 1 L. fleira á milli útaukninga, endurtakið útaukningarumf. alls (5) 5 (5) 5 (5) 6 sinnum = (272) 288 (304) 304 (320) 360 L. á prjóninum.

Prjónið (0) 0 (0,5) 1 (2) 1 sm. slétt.

Skiptið stk. í ermar, fram- og bakstykki þannig:

Byrjið í miðju á bakstk. og prjónið (40) 43 (45) 45 (48) 53 L. slétt (= hálf bakstykki), látið næstu (56) 58 (62) 62 (64) 74 L. á prjónanælu (= ermi), fitjið upp (6) 6 (8) 12 (14) 12 L. undir ermi, prjónið (80) 86 (90) 90 (96) 106 L. slétt (= framstykki), látið næstu (56) 58 (62) 62 (64) 74 L. á prjónanælu (= ermi), fitjið upp (6) 6 (8) 12 (14) 12 L. undir ermi, prjónið (40) 43 (45) 45 (48) 53 L. slétt (= hálf bakstykki).

Fram- og bakstykki = (172) 184 (196) 204 (220) 236 L.

Prjónið að miðju undir vinstri ermi og látið merkihr. um 1 L., umferðin byrjar hér.

Prjónið slétt í hring þar til stk. mælist (32) 36 (40) 44 (48) 50 sm., mælt frá uppfitjun í miðju á bakstk. og beint niður.

ATH! (50) 50 (50) 50 (50) 60 umf. garðaprjónsmunsturs mælast um (14) 14 (14) 14 (14) 17 sm., þegar teygt er létt á þeim.

Skiptið yfir á hringprjón nr. 2,5 og prjónið í hring 4 sm. brugðingu 1 sl., 1 br. Fellið af frekar laust með sl. og br. L.

Ermi

Látið (56) 58 (62) 62 (64) 74 L. sem geymdar voru á prjónanælu yfir á sokkaprjóna nr. 3 og prjónið upp 1 L. af hverri af (6) 6 (8) 12 (14) 12 L. sem fitjað var upp fyrir undir hendi = (62) 64 (70) 74 (78) 86 L. Umferðin byrjar í miðju undir ermi, látið merkihr. um 1 L. í umf.

Prjónið 2 sm. slétt yfir allar L.

Takið úr í næstu umf. þannig:

*Prjónið 1 L. slétt, 2 slétt saman, prjónið slétt þar til 3 L. eru að merkihr., takið 1 L. óprj. fram af eins og ætti að prjóna hana slétt, prjónið 1 slétt og dragið óprj. L. yfir * = 2 L. teknar úr í umf.

Endurtakið frá *til* með 2 sm. millibili alls (10) 10 (12) 13 (14) 17 sinnum = (42) 44 (46) 48 (50) 52 L. á prjónunum.

Prjónið þar til ermin mælist (19) 22 (25) 28 (31) 36 sm., eða þar til vantar 4 sm. á þá lengd sem passar. Skiptið yfir á sokkaprjóna nr. 2,5 og prjónið í hring brugðingu 1 sl., 1 br.

Fellið af frekar laust með sl. og br. L. Prjónið hina ermina eins.

SKOÐAÐU LITAÚRVALIÐ OG ÞVOTTALEIÐBEININGAR INNI Á:

(Klompelompe og merinoull er sama garnið)

www.tinna.is/garn/tynn-merinoull

og

www.tinna.is/vorur/garn/klompelompe-tynn-merino-ull/